

Tilmæli 24/2022
Tillaga A 1893/tillväxt
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 24/2022 um vottun sjálfbærrar ferðaþjónustu

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð samþykki álitnið um tilmæli 24/2022 og blíði eftir *pólitísku samráði*.

Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

- að þróuð verði heildstæð viðmið um sjálfbæra ferðaþjónustu sem nái til allra þátta ferðaþjónustugeirans ásamt tilheyrandi áhrifagreiningu

Svar frá ríkisstjórnnum Norðurlanda

Vel er tekið í viðleitni Norðurlandaráðs í átt að sjálfbærri ferðaþjónustu á Norðurlöndum og pólitískum áhuga á málefnum er fagnað.

Málefnið hefur áður verið rætt í vinnuhópi ráðherranefndarinnar um ferðamál (NTWG) á grundvelli tilmæla Norðurlandaráðs til Norrænu ráðherranefndarinnar nr. 23/2022 um vottun sjálfbærrar ferðaþjónustu. Niðurstaða NTWG er, eins og fram kemur í svari ráðherranefndarinnar um atvinnustefnu (MR-N) til skrifstofu Norðurlandaráðs þann 23. janúar 2023 „*að þegar megi finna mörg mismunandi vottunarkerfi heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Mörg þessara kerfa byggja á alþjóðlega viðurkenndum og/eða stöðluðum vísum og viðmiðum.*

Það er mat ráðherranefndarinnar að innleiðing nýs kerfis feli ekki í sér nægilegan virðisauka og notagildi.“

Tekið er undir þessa niðurstöðu og ályktað í framhaldinu að ekki verði lögð áhersla á að þróuð verði heildstæð viðmið um sjálfbæra ferðaþjónustu sem nái til allra þátta ferðaþjónustunnar með tilheyrandi áhrifamati.



Ríkisstjórnir Norðurlanda telja af þessum sökum að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Svar ríkisstjórna Norðurlanda við tilmælunum er að ekki sé vilji fyrir að þróa heildstæð viðmið um sjálfbæra ferðaþjónustu sem náí til allra þátta ferðaþjónustunnar með tilheyrandi áhrifamati.

Í svarinu vísa ríkisstjórnirnar til svars ráðherranefndarinnar um atvinnustefnu (MR-N) til Norðurlandaráðs við tilmælum 23/2022 þar sem segir að þegar megi finna mörg mismunandi vottunarkerfi, jafnt heima fyrir sem á alþjóðavettvangi, og að þau byggji á alþjóðlega viðurkenndum og stöðluðum viðmiðum. Því felur þessi tillaga ekki nægilegt norrænt notagildi í sér og ber því ekki að leggja áherslu á hana.

Þörfin á einföldun og samræmingu milli Norðurlandanna er það sem tilmælin kalla eftir.

Tilmælin byggja á óskinni um að þróa heildstæð norræn viðmið fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu í því skyni að greiða götu ferðaþjónustunnar.

Sjá má að svar ríkisstjórnanna styður við kröfur tilmælanna, sem bendir til þess að raunveruleg þörf sé fyrir sameiginleg viðmið. Rök ríkisstjórnanna eru að þegar megi finna mörg mismunandi vottunarkerfi, jafnt heima fyrir sem á alþjóðavettvangi, og að þau byggji á alþjóðlega viðurkenndum og stöðluðum viðmiðum sem svo aftur á móti styrkir rökin fyrir sameiginlegum norrænum viðmiðum.

Með hliðsjón af framangreindu óskar nefndin eftir pólitísku samráði til að varpa ljósi á svar ríkisstjórna Norðurlanda við tilmælunum.

Svalbarða, 27. júlí 2023

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Erling Bonnesen (V)

Mikael Lindholm (ÅC)

Lean Milo (M)

Stein Erik Lauvås (A)

Karianne B. Bråthen (A)

Kim Aas (S)

Malin Larsson (S)

Ann-Sofie Alm (M)

Lars Püß (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Erling Eidesgaard (T)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Silje Hjemdal (FrP)